

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana 19. maí 2021

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík, miðvikudaginn 19. maí 2021, kl. 14:00-16:00 auk þess sem honum var streymt.

Fundarstjóri: Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu.

Fundarritari: Árni Bragason landgræðslustjóri.

1. Niðurstöður Benedikts Jóhannessonar hjá Talnakönnun um starfskjör forstöðumanna kynntar

Margrét Hauksdóttir formaður FFR opnaði fundinn. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust kynnti Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun niðurstöður sínar um starfskjör forstöðumanna, en hann skoðaði laun, niðurröðun í launaflokka og auglýsingar embætta í samanburði við störf skrifstofustjóra hjá ráðuneytum og ráðuneytisstjóra tímabilið 2016-2020.

Helstu niðurstöður eru að launakjör forstöðumanna halda ekki í við launavísitölu þrátt fyrir nýtt launakerfi. Forstöðumenn eru undir launavísitölu. Skrifstofustjórar og ráðuneytisstjórar hafa hækkað meira í launum en forstöðumenn ríkisstofnana. Ráðuneytisstjórar hafa hækka 6% meira og skrifstofustjórar 12% meira. Laun forstöðumanna þyrftu að hækka um 4,7% til að halda í við launavísitölu. Embætti forstöðumanna eru fremur auglýst að loknu fimm ára skipunartímabili en störf skrifstofustjóra og ráðuneytisstjóra.

Eftir greinargóða kynningu Benedikts voru umræður meðal fundarmanna. Meðal þess sem fram kom voru veruleg vonbrigði með þá gliðnun sem orðið hefur á milli launavísitölu og launa forstöðumanna. Margrét Hauksdóttir upplýsti um að kjara- og mannauðssýslu ríkisins væri kunnugt um greiningu Benedikts og að skýrslan yrði kynnt þeim að aðalfundi loknum. Ákveða þarf hvernig forstöðumenn ætla að leita úrbóta. Í 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að

laun forstöðumanna skuli endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári, þ.e. ráðherra skal meta eigi sjaldnar en árlega hvort tilefni sé til að endurmeta fjárhæðir til samræmis við sameiginlega launastefnu á vinnumarkaði eða önnur viðmið sem lýsa almennri launaþróun á vinnumarkaði. Margrét lagði til, fyrir hönd fráfaramandi stjórnar, að endurskoðun launa forstöðumanna færi fram tvisvar á ári þangað til leiðréttingu væri náð og tóku fundarmenn undir það. Þá kom fram hjá Margréti að fráfaramandi stjórn teldi grundvöll vera til að sækja fram og fá næst launahækkun 1. júlí nk.

Stuttar umræður voru um hvort að stytting vinnuvikunnar ætti við forstöðumenn. Margrét Hauksdóttir upplýsti um þá afstöðu kjara- og mannauðssýslu ríkisins að það hafi ekki verið 8 tíma vinnuskylda á æðstu stjórnendum ríkisstofnana og því nái vinnutímatilskipunin varðandi styttingu vinnutíma ekki til þeirra.

Mismunandi skilaboð hafa komið frá einstökum ráðuneytum varðandi auglýsingar starfa. Sumir ráðherrar hafa gefið það út að þeir ætli að auglýsa öll störf. Það sjónarmið kom fram að ef forstöðumenn eiga að búa við þetta óöryggi í starfi (embættið auglýst á fimm ára fresti) þá ættu þeir að vera með mun hærri laun en t.d. skrifstofustjórar.

Jafnframt var til umræðu nýlegt álit umboðsmanns Alþingis um að ákvarðanir um grunnlaunaröðun starfa forstöðumanna væru stjórnvaldsákvarðanir. Fjármálaráðuneytið hefur nýlega upplýst um að ráðuneytið sé ósammála umboðsmanni Alþingis og hyggist ekki fara eftir álitum hans, þ.e. ráðuneytið ætlar ekki að líta á launaákvarðanir forstöðumanna sem stjórnvaldsákvarðanir með tilheyrandi skyldu til rökstuðnings ráðherra fyrir launaákvörðun, andmælarétti forstöðumanns sem og réttar hans til aðgangs að gögnum. Þessi afstaða ráðuneytisins kemur á óvart. Forstöðumönnum er gert að fara eftir álitum umboðsmanns Alþingis en fjármálaráðuneytið telur sér ekki skylt að gera svo.

Ráða má af afstöðu ráðuneytisins að ráðherra telji álit umboðsmanns gefa tilefni til að skerpa enn frekar á afstöðu sinni með aðgerðum og að vinna við það sé hafin innan ráðuneytisins. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hvernig ráðuneytið ætli sér að gera það, mögulega með því að breyta lögum. Þetta er ný staða. Vissulega þarf nýtt matskerfi að fá tíma til að þróast og svigrúm þarf að vera til staðar til að lagfæra það og breyta. Ljóst er að mikill tími hefur farið í að þróa kerfið og það sjónarmið kom fram að að mörgu leyti megi segja að núverandi kerfi sé betra heldur en fyrirkomulagið sem var.

2. Setning aðalfundar

Margrét Hauksdóttir lagði til að Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu yrði fundarstjóri og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Þá lagði Margrét til að Árne Bragason landgræðslustjóri og ritari stjórnar yrði fundarritari og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Sigríður Kristinsdóttir kynnti sig og lýsti aðalfundinn löglega boðaðan.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðið starfsár.

Margrét Hauksdóttir formaður fór yfir skýrslu stjórnar þ.e. helstu verkefni og megináherslur félagsins á starfsárinu maí 2020 til og með apríl 2021. Þar var helstu verkefnum stjórnar lýst stuttlega en þau voru:

- a) Námskeið um stjórnun á nýjum tímum.
- b) Innleiðingarhópur um styttingu vinnutíma í dagvinnu.
- c) Könnun um áherslumál FFR.
- d) Fjölmiðlanámskeið.
- e) Beiðni FFR um samantekt á framkvæmd viðbótarlauna.
- f) Könnun um starfsumhverfi.
- g) Starfsmenntunarsjóður embættismanna. Endurskoðun reglna og skipun stjórnar.
- h) Launahækkunarforstöðumanna.
- i) Skýrsla um starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana.
- j) Önnur verkefni.

Margrét þakkaði að lokum stjórn félagsins fyrir góða vinnu og gott samstarf.

4. Framlagning endurskoðaðra reikninga félagsins

Harpa Þórsdóttir, gjaldkeri FFR lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Voru reikningar félagsins bornir undir fundinn og þeir samþykktir samhljóða.

5. Lagabreytingar.

Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins lágu fyrir.

6. Stjórnarkjör

Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar stýrði stjórnarkjöri f.h. kjörnefndar en ásamt honum voru Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar og Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla í kjörnefnd.

Hrafnkell fór yfir ákvæði í lögum félagsins um skipan stjórnar og stjórnarkjör og lýsti yfir að hæfi frambjóðenda hefði verið kannað.

Margrét Hauksdóttir forstjóri Þjóðskrár Íslands sem hefur verið formaður stjórnar gekk úr stjórn. Fyrir fundinum lá að kjósa nýjan formann. Framboð barst frá Kristjáni Sverrissyni, forstjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og varaformanni félagsins. Kristján kynnti sig fyrir fundarmönnum og var kjör hans staðfest með lófaklappi.

Árni Bragason landgræðslustjóri og ritari stjórnar og Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður á Suðurnesjum gengu jafnframt úr stjórn. Lá fyrir fundinn að kjósa þrjá meðstjórnendur. Framboð bárust frá Ásdísi Ármannsdóttur, Bergþóru Þorkelsdóttur forstjóra Vegagerðarinnar og Gylfa Ólafssyni forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Kjör frambjóðenda var staðfest með lófataki.

Þakkaði Hrafnkell meðnefndarmönnum fyrir gott samstarf og óskaði nýkjörnum fulltrúum í stjórn félagsins til hamingju með kjörið. Að svo sögðu lýsti hann störfum kjörnefndar lokið.

7. Kosningar kjörnefndar

Margrét Hauksdóttir stýrði kosningu kjörnefndar. Í kjörnefnd síðasta starfsárs sátu þau Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar og Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla. Öll gáfu þau kost á sér aftur og var kosning þeirra staðfest með lófataki.

8. Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafnmargra til vara

Margrét Hauksdóttir stýrði kosningu endurskoðenda og varamanna. Endurskoðendur félagsins síðasta starfsár voru þau Gestur Steinþórsson fyrrverandi skattstjóri í Reykjavík og Ásta Sigrún Helgadóttir umboðsmaður skuldara. Gáfu þau bæði kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt með lófataki.

Varamenn endurskoðenda síðasta starfsár voru þau Ingbór Karl Eiríksson fjársýslustjóri og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Gáfu þau bæði áfram kost á sér og var kjör þeirra staðfest með lófataki.

9. Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Stjórn félagsins lagði til að árgjaldið yrði óbreytt, þ.e. 25.000 kr. sem var samþykkt.

10. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Kristján Sverrisson nýkjörinn formaður bað um orðið og þakkaði fyrir stuðninginn. Þá þakkaði Kristján fráfarandi formanni Margréti Hauksdóttur fyrir hennar góða starf í þágu félagsins og einstaklega góða samvinnu. Voru Margréti færð blóm í þakklætisskyni. Þá þakkaði Kristján fundarstjóra fyrir hennar góða starf.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Árni Bragason fundarritari